

Nd.

96. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá fjárveitinganefnd.

1. gr.

Aftan við 7. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, bætist:

Einnig skal telja til embættisára þau ár, er póstmenn þeir, sem launa njóta samkvæmt lögnum, hafa gegnt samskonar starfa, þótt embætti þeirra hafi nú skift um nafn. Sama gildir um núverandi fyrsta bókavörð. Honum skulu talin til embættisára þau ár, er hann hefir verið settur bókavörður við Landsbókasafnið.

2. gr.

Ákvæði laga þessara skulu talin gilda frá 1. jan. 1920.

Ástæður.

Menn þeir, er ofanritað frumvarp snertir, hafa deilt við stjórnarráðið um aldursuppbætur. Þar sem nefndin lítur svo á, að þvert ofan í anda og tilætlun launalaganna beri menn þessir skarðan hlut frá borði, vill hún slíta deilunni með frumvarpi þessu.